Orkídea

Atvinnuvegaráðuneytið
skrifstofa landgæða og dýraheilsu

Sent í samráðsgátt
Reykjavík, 26. ágúst. 2026

Efni: Umsögn Orkídeu samstarfsverkefnis varðandi drög að reglugerð um áburðarvörur, mál nr. S-111/2026.

Orkídea samstarfsverkefni hefur tekið ofangreint mál til umsagnar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Orkídea fagnar framkomnum drögum að reglugerð um áburðarvörur. Sérstaklega er jákvætt að fiskeldismykja sé skilgreind og að skýrari heimildir séu skapaðar til vinnslu hennar, sölu og markaðssetningar sem áburðarvöru. Orkídea styður markmið reglugerðarinnar en telur að nánari skýringar og úrbætur séu nauðsynlegar á nokkrum sviðum til að tryggja skýra og fyrirsjáanlega framkvæmd hennar.

I. Almennt

Notkun áburðar er grundvallaratriði í framleiðni íslensks landbúnaðar og mikilvægt er að regluverk um áburðarvörur sé skýrt, framkvæmanlegt og taki mið af íslenskum aðstæðum. Orkídea telur að reglugerðin feli í sér mikilvægt skref til að styrkja nýtingu innlendra lífrænna hráefna og stuðla að aukinni hringrás næringarefna.

Við teljum þó að nokkur atriði þarfnist frekari skýringa. Það á sérstaklega við um stöðu fiskeldismykju innan regluverksins, tengsl hennar við reglur um aukaafurðir dýra, skilgreiningar á vinnslu hennar og skýrleika um hvaða kröfur gilda um markaðssetningu og nýtingu hennar.

Jafnframt telur Orkídea mikilvægt að skýrt verði hvernig fiskeldismykja og afurðir sem unnar eru úr henni, svo sem meltunarleifar úr lífgasvinnslu, falla að ákvæðum reglugerðarinnar. Að mati Orkídeu er óvissa um stöðu fiskeldismykju gagnvart lífgasvinnslu og hvaða kröfur gilda um notkun eftir vinnslu og meðhöndlun með þeirri framleiðsluaðferð.

Sömuleiðis leggjum við áherslu á að kröfur um skráningu, merkingar, upplýsingagjöf og vottanir séu skýrar, fyrirsjáanlegar og í samræmi við umfang starfseminnar þannig að markmið reglugerðarinnar náist án óþarfa stjórnsýslubyrði.

II. Athugasemdir við einstök ákvæði

2. gr.

Þörf er á að skýra nánar hvað teljist unnin fiskeldismykja t.d. hvort filtrun, afvötnun, stilling á sýrustigi og þétting með íblöndun fellingarefna (e. floccuant) falli undir hugtakið.

Orðalag skilgreiningar á lífrænum áburði er ekki nægilega skýrt þegar fram kemur að „*þvagefni eða önnur tilbúin lífræn köfnunarefnissambönd séu ekki talin lífrænn áburður*“. Óljóst er hvernig flokka skuli vörur sem innihalda að mestu lífræn efni en einnig þvagefni eða önnur sambærileg köfnunarefnissambönd. Eins og staðið er að söfnun lífræns áburðar í dag eru þvagefni í flestum tilvikum órjúfanlegur hluti lífræns áburðar og ber því að teljast til þess flokks.

4 gr.

Reglugerðardrögin taka ekki með nægilega skýrum hætti mið af sérstöðu fiskeldismykju frá lokuðu landeldi, sem fellur til í stýrðu og rekjanlegu framleiðslukerfi. Sérstaklega á þetta við þegar fiskeldismykja hefur farið í gegnum afvötnun, þurrkun eða aðra vinnslu. Nálgun sem tekur mið af uppruna hráefnis, framleiðsluferli, vinnslu og fyrirhugaðri notkun er að okkar mati heppilegri en að sömu kröfur gildi sjálfkrafa um öll lífræn hráefni.

Í 4. gr. segir ennfremur: "*Vörur sem reglugerð þessi tekur til verða að hafa sýnileg og skráningarhæf áhrif*." Þetta orðalag er mjög óskýrt og ekkert tilgreint um hvernig er ætlast sé til að sýnt sé fram á þessi áhrif áburðarins.

5. gr.

Í 5. gr. segir "*Leiki vafi á gagnsemi vörunnar skal söluaðili geta sýnt fram á hana, með viðeigandi skjölum, við sölu*" Nauðsynlegt er að skýra nánar hvaða gögn og rannsóknir teljist fullnægjandi til að sýna fram á gagnsemi áburðarvöru. Jafnframt væri æskilegt að vísað yrði með skýrari hætti til þeirra staðla eða viðmiða sem liggja eiga til grundvallar slíku mati. Það myndi auka fyrirsjáanleika fyrir framleiðendur, innflytjendur og eftirlitsaðila.

6. gr.

Í g-lið 6. gr. er gert ráð fyrir að fram komi hvaða aðferð sé notuð við sótthreinsun vörunnar. Óljóst hvort með þessu sé gert ráð fyrir að sótthreinsun sé ávallt nauðsynleg forsenda fyrir framleiðslu, skráningu eða markaðssetningu áburðarvara t.d. fiskeldismykju. Mikilvægt að skýrt komi fram hvort heimilt sé að sýna fram á öryggi og gæði vörunnar með öðrum hætti en sótthreinsun, enda uppfylli varan kröfur reglugerðarinnar um aðskotaefni, örverur og önnur viðeigandi gæðaviðmið.

Í lok 6. gr. segir "*Matvælastofnun getur gert kröfur um vottun á virkni vörunnar og aðrar nauðsynlegar viðbótarupplýsingar um vöruna, sbr. a-d lið 2. mgr. "* Nauðsynlegt er að skýra nánar hvaða gögn, rannsóknir eða staðfestingar teljist fullnægjandi til að skrá og markaðsetja vöruna. Mikilvægt er að fyrir liggi skýr og gagnsæ viðmið þannig að framleiðendur viti hvaða kröfur kunni að verða gerðar til þeirra. Jafnframt þarf að skýra hver beri kostnað af slíkri vottun og hvort lögbundnir eða skilgreindir afgreiðslufrestir gildi um meðferð slíkra mála.

17. gr.

Óljóst er hvernig flokka skuli meltunarleifar sem verða til við lífgasvinnslu fiskeldismykju enda kemur ekki skýrt fram hvort slíkar afurðir skuli flokkast sem meltunarleifar úr lífgasvinnslu, lífrænar áburðarvörur af dýrauppruna eða undir annan vöruflokk samkvæmt reglugerðinni. Skýr flokkun er mikilvæg þar sem hún hefur áhrif á kröfur um vinnslu, skráningu, merkingar og markaðssetningu afurðanna.

21 gr.

Fram kemur í 21 gr. lið e "*Heimilt er að nýta lífrænt efni sem fellur til á bújörð sem áburðarvöru á viðkomandi býli.*" Þetta orðalag getur verið takamarkandi fyrir staðbundið lífgasver þar sem ætlunin er að nota lífræn hliðarhráefni s.s. afskurð úr garðyrkju frá nálægum garðyrkjubýlum, heyfyrningar frá öðrum býlum, til viðbótar við húsdýraáburð sem fellur til á bújörðinni í lífgasgerðarferlinu. Lagt er til að bæta við þessa setningu: „Heimilt er að nýta lífrænt efni sem að meginhluta fellur til á bújörð sem áburðarvöru á viðkomandi býli."

22. gr. b) liður

“Úr aukaafurðum dýra með skilgreindan endapunkt með eða án blöndunar við efni af plöntuuppruna”. Orðalag er óljóst þ.e. ekki er skilgreint hvað skilgreindur endapunktur þýðir.

23. gr.

A. Lífrænar áburðarvörur án dýraafurða.

Í lið 2.1.2 er moltugerðarferlinu lýst nákvæmlega t.d. hita- og tímasniðum:

70°C eða meira í a.m.k. 3 sólarhringa
65°C eða meira í a.m.k. 5 sólarhringa
60°C eða meira í a.m.k. 7 sólarhringa
55°C eða meira í a.m.k. 14 sólarhringa

Við réttar aðstæður (einangrun) næst hiti náttúrulega í 70°C í moltugerð. Nákvæmum hita- og tímasniðum ætti að sleppa hér og vísa að öðru leyti í kröfur um eyðingu óæskilegra örvera.

Í lið 2.2.2 er myltingarðferðinni sömuleiðis lýst nákvæmlega og fram kemur “*Myltingin skal fara fram í 2 þrepum, loftfirrt hitakært niðurbrot lífbrjótanlegra efna við að lágmarki 55°C (gasgerðarferli), sem fylgt er eftir með loftháðu ferli sem felur í sér nægjanlega hitun fyrir gerilsneyðingu með eftirfarandi hætti*

70°C eða meira í a.m.k. 3 sólarhringa
65°C eða meira í a.m.k. 5 sólarhringa
60°C eða meira í a.m.k. 7 sólarhringa
55°C eða meira í a.m.k. 14 sólarhringa

Þetta samræmist ekki staðfestum og viðurkenndum myltingarferlum sem notaðir eru erlendis og mikilvægt að hafa í huga ekki er um að ræða sama ferli eins og notað er við moltugerð (eins og virðist vera gert ráð fyrir hér). Við myltingu er almennt er lögð áhersla á að ná nægilegri hitun í ákveðinn tíma fyrir gerilsneyðingu afurðar. Hér ætti því að gera kröfu á að framleiðandi vísi og sýni fram á viðurkennda og skrásetta ferla erlendis í sambærilegum verum þ.m.t. aðferðir sem byggja á evrópsku regluverki um áburðarvörur og aukaafurðir dýra, enda sýni framleiðandi fram á með hitaskráningu, áhættumati, innra eftirliti og viðeigandi örveru- og efnamælingum að lokaafurðin uppfylli öryggis- og gæðakröfur reglugerðarinnar.

3. Aukaafurðir úr matvælaiðnaði: 3.1. Hér er átt við um nokkrar afurðir sem falla til við vinnslu matvæla, þó ekki dýraafurða. Réttar væri að til viðbótar væri gefið færi á að leita samþykkis stjórnvalda fyrir hráefni sem ekki eru talin upp í grein 3.1.

24. gr.

B. Lífrænar áburðarvörur úr aukaafurðum dýra með skilgreindum endapunkti.

Neðangreint er tiltekið varðandi “i. Efni sem má nota beint eftir vinnslu án íblöndunar annarra efna”:
a. *Aska, sem fellur til við brennslu afurða úr 2. og 3. áhættuflokki*.
b. *Leifar sem falla til við ummyndun aukaafurða úr dýrum í lífgasstöð*. Hér eru engin nákvæm viðmið fyrir sótthreinsunarferlið eins og í 23. gr. fyrir lífgasferlið en hér þyrfti að skilgreina a.mk. að þörf sé á fullnægjandi sótthreinsun til ná þeim viðmiðum sem tilgreind eru í viðauka um örverur og óæskileg efni í lífrænum áburðarefnum.
c. *Molta sem unnin er úr aukaafurðum dýra*.
d. *Unninn húsdýraáburður*.

Ekkert er fjallað um í þessari grein hvernig staðið skuli að lífgasgerð. Jafnframt er óljóst af hverju hlutfallið 10% íblöndun er valið en íblöndunarefni geta haft mismikla virkni eftir gerð þeirra.

25. gr. C. Lífrænar áburðarvörur úr aukaafurðum dýra án skilgreinds endapunkts.

Óljóst er hvers vegna fiskeldismykja er flokkuð sem lífræn áburðarvara úr aukaafurðum dýra án skilgreinds endapunkts. Ekki kemur skýrt fram á hvaða lagagrundvelli þessi flokkun byggir né hvaða áhrif hún hefur á vinnslu, flutning, rekjanleika, markaðssetningu og frekari nýtingu afurðarinnar (til dæmis meltunarleifa úr lífgasvinnslu).

Tilgreina þyrfti hvaða skilyrði fiskeldismykja eða afurðir unnar úr henni þyrftu að uppfylla til að teljast hafa náð skilgreindum endapunkti.

III. Lokaorð

Orkídea telur að það sé fengur að þessari reglugerð og staða fiskeldismykju sé skýrð, þó að mörgu leyti séu vankantar á þessum drögum sbr. ofangreindar athugasemdir. Við teljum mikilvægt að tekið sé tillit til okkar athugasemda til að auka gagnsæi og fyrirsjáanleika í meðferð og framleiðslu lífræns áburðar en jafnframt að ekki séu lagðar á íþyngjandi kvaðir, sem ekki hafa augljósan tilgang, á framleiðendur lífræns áburðar.

Virðingarfyllst,

f.h. Orkídeu samstarfsverkefnis

Sveinn Aðalsteinsson
Framkvæmdastjóri

Helga Gunnlaugsdóttir
Rannsókna- og þróunarstjóri